„Áskoranir varðandi mönnun fylgja okkur áfram inn í haustið“

Mönnun sumarafleysinga á sjúkrahúsum landsins er jafnan mikil áskorun því álagið er gríðarlegt fyrir. Fjölgun ferðamanna yfir sumartímann hefur einnig áhrif, sérstaklega á sjúkrahúsum sem sinna stóru landsvæði. Sjúkrahúsið á Akureyri er, eins og Landspítali, háskólasjúkrahús, en töluvert minna og deildir vinna mjög náið saman. *Læknablaðið* ræddi við Kristjönu Kristjánsdóttur, deildarstjóra mannauðsdeildar á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Olga Björt Þórðardóttir

„Áskorunin að manna afleysingar hér á Akureyri krefst mikils undirbúnings og samvinnu, sérstaklega þegar fjölgun ferðamanna, komur skemmtiferðaskipa og sumarfrí starfsfólks hafa áhrif á skipulagið,“ segir Kristjana. Stytting vinnuvikunnar, sem þar að auki tók gildi fyrir sumarið, hafi einnig skapað ákveðið mönnunargat sem komið hafi ofan á það sem fyrir var. „Þetta hefur áhrif á veitingu orlofs og möguleikann á að veita fullt orlof og er því uppsafnað frí meira en áður.“

Hún segir að sumarið hafi þó í heildina gengið vel. „Við erum heppin og ákaflega stolt af okkar öfluga starfsfólki. Það er vakið og sofið yfir sínum starfsskyldum. Það býr yfir sterkri, faglegri færni og með seiglu og samheldni gekk mönnun sumarsins upp.“ Stór hópur afleysingalækna, unglæknar, sérfræðingar og læknanemar, hafi komið að starfi sjúkrahússins sem gerði stofnuninni kleift að veita sumarorlof – þó mismikið milli sérgreina. „Áhersla er ætíð lögð á að koma til móts við óskir starfsfólks um sumarfrí og tryggja hvíld án þess að það bitni á starfseminni. Í ár tókst að verða við óskum flestra, ýmist með samfelldu fríi eða með því að dreifa því yfir lengra tímabil. Í einhverjum tilfellum þurfti að óska eftir að starfsfólk stytti fríin sín til að mæta þjónustuþörfinni. Það er full ástæða til að þakka fyrir hversu sveigjanlegt starfsfólk hefur verið í þeim aðstæðum.“

Einn mikilvægasti þátturinn að skapa gott starfsumhverfi

Kristjana leggur áherslu á að árangur hafi náðst við að efla mönnun að einhverju leyti, sem er gleðilegt, en betur megi ef duga skal og munu áskoranir varðandi mönnun fylgja sjúkrahúsinu áfram inn í haustið. „Mikil áhersla er lögð á að styrkja starfsemi sjúkrahússins. Í því skyni er einn mikilvægasti þátturinn að skapa starfsfólki okkar gott starfsumhverfi og að laða til okkar nýtt starfsfólk. Það er vel þess virði fyrir heilbrigðisstarfsfólk að skoða þann möguleika að koma til starfa hjá okkur, tímabundið eða til lengri tíma. Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) er eftirsóknarverður og framsækinn vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi og góðir möguleikar til kennslu og þróunar. Það er gaman að segja frá því að við erum að hefja nýja kynningarherferð undir yfirskriftinni „Finndu jafnvægið fyrir norðan!“ sem miðar að því að vekja athygli



Kristjana Kristjánsdóttir, deildarstjóri mannauðsdeildar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Mynd aðsend

á fjölbreyttum og spennandi atvinnutækifærum lækna á SAK. Í herferðinni er sjónum beint að jafnvægi vinnu og einkalífs, sterkri liðsheild og þeim lífsgæðum sem Akureyri býður upp á – hvort sem litið er til íþrótta, menningar, skólaumhverfis eða samfélags sem býður upp á nálægð við náttúru og fjölbreytt tækifæri til útivistar.“

Að endingu hvetur Kristjana áhugasama til að líta til Akureyrar, finna jafnvægið fyrir norðan og taka þátt í uppbyggingu öflugs sjúkrahúss og vera hluti af framtíðarsýn Sjúkrahússins á Akureyri.

Aðalfundur Læknafélags Íslands 2025 verður haldinn 2. og 3. október
á Fosshótel Stykkishólmur

Breytingar í ritstjórn *Læknablaðsins*

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Síðastliðið vor viku þau Halla Viðarsdóttir skurðlæknir og Oddur Ingimarsson geðlæknir úr sætum sínu í ritstjórn *Læknablaðsins* og er þeim þakkað gott og skemmtilegt samstarf og óskað heilla í þeim verkefnum sem í framtíðinni bíða. Í stað þeirra hafa dr. Örvar Arnarson skurðlæknir og dr. Hallgerður Lind Kristjánsdóttir blóðmeinalæknir þegið sæti í ritstjórn *Læknablaðsins*.

Örvar lauk læknanámi í Danmörku og tók kandídatsárið á bæklunardeild Hilleröd-sjúkrahússins í Danmörku, auk níu mánaða á Íslandi og starfaði á skurðdeild Landspítala fram til ársins 2010 er hann fluttist til Svíþjóðar og lauk sérnámi í skurðlækningum við Háskólasjúkrahúsið á Skáni (Skånes Universitets Sjukhus, SUS) 2010-2014. Að námi loknu vann hann í tvö ár í bráðaskurðdeildarteymið á Háskólasjúkrahúsinu Lundi og sjö ár í kviðslitsteyminu á Háskólasjúkrahúsinu í Malmö. Örvar varði doktorsritgerð sína frá Háskólanum í Lundi 2023. Ritgerðin ber heitið: *Emergent colon cancer and postoperative complications – risks and management*. Auk félagsaðildar í skurðlækningafélögum í Svíþjóð og á Íslandi, er hann í stjórn Nordisk Kirurgisk Förening (NKF). Örvar starfar sem skurðlæknir við Landspítala.

Hallgerður Lind lauk embættisprófi frá Læknadeild Háskóla Íslands, og eftir kandídatsnám á Landspítala hóf hún sérnám í lyflækningum á Landspítala, sem hún lauk á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg ásamt sérfræðinámi í blóðmeinafræði. Hún varði doktorsritgerð sína frá Gautaborgarháskóla árið 2021. Ritgerðin heitir: *Blood and Bone – Epidemiological studies on the associaton between blood and bone*. Í kjölfar þessa fluttist Hallgerður aftur til Íslands og starfar nú á blóðmeinadeild Landspítala ásamt því að taka þátt í kennslu við læknadeild Háskóla Íslands.

Læknablaðið býður Örvar Arnarson og Hallgerði Lind Kristjánsdóttur velkomin í ritstjórn *Læknablaðsins*.



Læknadagar
19.- 23. janúar 2026

Takið dagana frá
Fræðslustofnun Læknafélags Íslands

Lunds universitet grundades 1666 och rankas återkommande som ett av världens främsta lärosäten. Här finns omkring 46 000 studenter och 8 600 medarbetare i Lund, Helsingborg och Malmö. Vi förenas i vår strävan att förstå, förklara och förbättra vår värld och människors villkor.

MEDICINSKA FAKULTETEN SÖKER

Professor

I ANESTESIOLOGI OCH INTENSIVVÅRD FÖRENAD MED BEFATTNING SOM SPECIALISTLÄKARE/ÖVERLÄKARE

Ansök senast 2025-10-02
ref nr PA2025/412

För mer information se
www.lu.se/ledigajobb

LUNDS UNIVERSITET